

Dæmi um verkefni og lausn nemenda.

Ákveðið nafn á einstaklinginn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.

Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.



Nafn: Sigbór

Aldur: 16 ára.

Skóli: Vættaskóli

Vinna með skóla:

Laun, eftir skatt: 400.000 kr.

Fastur kostnaður á mánuði:

- Áskrift í ræktina: 8.000 kr.

Markmið: Heimsreisa

Einstaklingurinn ykkar er í 10. bekk, æfir handbolta fimm sinnum í viku og fer einnig reglulega í ræktina. Hann vinnur meðfram skólanum til að geta notið lífsins og fær sér t.d. oft skyndibita með félögum eftir æfingu og stekkur oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott. Hann flutti nýlega úr sínu gamla hverfi og þarf því að ferðast mikið með strætó. Foreldrar hans greiða æfingagjöldin fyrir handboltanum en sjálfur greiðir hann fyrir strætókort þar sem hann neitaði að fara í skóla í nýja hverfinu.

Hann hefur sett sér markmið sem hann þarf að safna fyrir, en það er erfitt að safna peningum þegar freistingarnar eru víða. Til að ná markmiðinu þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði. Hann á 400.000 kr. inn á framtíðarreikningi sem eru lausar til úttektar þegar hann verður 18 ára.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir mánaðarlega þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að ein strætóferð kostar 285 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 46.500 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði/ár þar til markmiðinu er náð.

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hann til að ná markmiði sínu.

Stillið upp sparnaðaráætlun sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun - dæmi um áætlun nemenda

Á mánuði

Laun eftir skatt: 200.000 kr.

Fastur kostnaður: 8.000 kr.

Annar kostnaður:

- Matur: 40.000 kr.
- Skemmtanir: 20.000 kr.
- Fatnaður og annað: 10.000 kr.

Annað: Óvænt uppákoma: 35.000 kr.

Eftir stendur: 87.000 kr.

Markmið: Heimsreisa sem kostar 1.500.000 kr.

*Hér er hægt að gera ýmsar útfærslur og um að gera að hvetja nemendur til að horfa út fyrir boxið við gerð áætlunarinnar.

1. Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

Hann ætlar ekki að taka út sparnaðinn sem hann á nú þegar til að fara í heimsreisu, heldur leggja fyrir á mánuði í sérstakan ferðasjóð. Það tekur hann sex til sjö mánuði að safna fyrir heimsreisunni með því að leggja til hliðar 25.000 kr. á mánuði inn á ferðasjóðinn.

2. Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu? Ef svo er, hverju breytir hann?

Ekki finnst okkur það 😊